

# Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framfylgd samþykktar um kattahald

Búið til	23.6.2022 08:34:22
Höfundur	Helga Björk Laxdal
Tilheyrir	Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framfylgd samþykktar um kattahald

## Efni

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framfylgd samþykktar um kattahald

## Upplýsingar

## Vinnsla

Tegund		Staða	Afgreitt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	08.15 Dýrahald		
Lykilorð			

## Athugasemdir

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að verkferlar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar við framfylgd samþykktar um kattahald verði endurskoðaðir með tilliti til þess að auka meðalhóf. Haft verði að leiðarljósi við þá endurskoðun að reglurnar eiga ekki aðeins að vernda fólk frá ágangi katta, heldur eigi þær einnig að vernda hagsmuni kattaeigenda og líf og heilsu kattanna sjálfra.

Greinargerð fylgir tillögunni.  
Vísað til meðferðar heilbrigðisnefndar.

## Ákvörðun

## Tilvísun

Tegund ákvörðunar		Megintilvísun	Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framfylgd samþykktar um kattahald MSS22060179
Flokkur		Aukatilvísanir	
Samþykkt fyrir fund	Já		

## Fundur

## Ákvörðun

Heiti	Borgarráð fimmtudaginn 23. júní 2022 nr. 5667	Staða ákvörðunar	Vísað til meðferðar
Bætt á fund	23.6.2022 08:34	Númer ákvörðunar	202206-1124
Númer	58		

## **Borgarráð 23. júní 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framfylgd samþykktar um kattahald MSS22060179**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að verkferlar umhverfissviðs Reykjavíkurborgar við framfylgd samþykktar um kattahald verði endurskoðaðir með tilliti til þess að auka meðalhóf. Haft verði að leiðarljósi við þá endurskoðun að reglurnar eiga ekki aðeins að vernda fólk frá ágangi katta, heldur eigi þær einnig að vernda hagsmuni kattaeigenda og líf og heilsu kattanna sjálfra.

### **Greinargerð**

Borið hefur á gagnrýni við verklag umhverfissviðs Reykjavíkurborgar hvað varðar framfylgt samþykktar um kattahald. Fyrir skömmu átti sér stað óheppilegur atburður. Köttur, sem var á ferð í grennd við heimili sitt, var handsamaður af starfsmönnum Reykjavíkurborgar, en þegar eigandi ætlaði að vitja hans til yfirvalda kom í ljós að hann hafði sloppið úr haldi. Atvik málsins eru með þeim hætti að margir furða sig yfir því hvers vegna kötturinn var handsamaður á annað borð í stað þess að sinna málinu á heimaslóðum kattarins. Fram hefur komið að kötturinn hafi ekki verið merktur á hálsól og því hafi þurft að færa hann í kattageymslu svo lesa mætti örmerki hans. Ýmsir hafa gagnrýnt þessar skýringar og bent á að vægari aðferðum hefði mátt beita. Undir það má taka. Því er lagt til að verkferlar verði endurskoðaðir og meðalhóf lagt til grundvallar. Reynt verði að beita vægari aðgerðum en handsömun ef slíkt dugar. Verklag sem byggir á meðalhófi gæti til dæmis hljóðað svo:

#### **Starfsmenn skuli:**

1. spyrjast fyrir um hver sé eigandi gæludýrsins og reyni að komast í samband við eiganda
2. reyni að lesa á hálsmerki eða örmerki á staðnum með skann og í kjölfarið hafa samband við eiganda
3. lesa í aðstæður og athuga hvort dugi að grípa til vægari aðgerða
4. handsama gæludýrið aðeins í neyð og ef allt framangreint hefur ekki virkað.



Reykjavík 30. ágúst 2022

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framfylgd samþykktar um kattahald í Reykjavíkurborg (Borgarráð 23. júní 2022/MSS22060179).**

Ekki þarf að leggja fram tillögu um að kattasamþykkt fyrir Reykjavíkurborg sé framfylgt þar sem henni eins og öðrum samþykktum byggðum á lögum nr. 7/1998 er framfylgt af viðkomandi einungu eða stjórnvaldi. Í tilfalli kattasamþykktar þá er henni framfylgt af Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar eftir að verkefnið fluttist frá Umhverfis- og skipulagssviði, þegar sú þjónustueining var stofnuð hjá Íþróttatómstundasviði Reykjavíkur. Undanskilin eru mál sem Dýraþjónustan sendir Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sem þurfa að fara í þvingunarferli dugi ekki mildari úrræði ekki til að frá kröfur um úrbætur fram.

Í tillögunni er lagt til að verkferlar við framfylgd samþykkar um kattahald verði endurskoðaðir.

Alla verkferla þarf að endurskoða eftir þörfum og hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þegar verið í sambandi við Dýraþjónustuna um að hún fari yfir sína ferla ef þörf er á, en það er skýrt að ávallt skal koma óskiladýrum sem fyrst í hendur eiganda ef við á, upplýsa þá um stöðu einstakra mála og gæta góðra stjórnsýsluhátta. Heilbrigðiseftirlitið fer síðan að verkferlum sínum og stjórnsýslulögum þegar um þvingunarmál koma þangað varðandi þennan málaflokk sem aðra.

Virðingarfyllst f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

  
Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri